

## ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2021

Heiti verkefnisins	Ásgarður, skóli í skýjunum
Markmið	<p>Meginmarkmið þróunarverkefnisins er að koma Ásgarði - skóla í skýjunum á laggirnar og sýna fram á að skólinn geti verið sú miðja sem miðlar námi og kennurum til og frá sveitarfélögum svo allir njóti góðs af. Nemendur njóti náms með sérhæfðum kennurum, einangrun sé rofin og fjármagn og sérfræðiþjónusta nýtist fleiri nemendum og skólum. Ásgarður er byggðapróunarverkefni þar sem lögð er áhersla á að allir nemendur á grunnskólastigi hafi öruggt aðgengi að gæðanámi óháð búsetu, auka stærðarhagkvæmni með því að tengja nemendur og kennara rafrænt saman og fækka ferðalögum barna og fjarvistum frá fjölskyldu vegna grunnskólagöngu.</p> <p>Markmið með Ásgarði er að hann verði miðjan sem tengir saman fámenn skólasamfélög og eykur stærðarhagkvæmni og gæði náms og kennslu. Ásgarður jafnar aðgengi nemenda að gæða- námi og skólaþjónustu óháð staðsetningu hvar sem á landinu foreldrar þeirra kunna að búa.</p> <p><b>Megintilgangur Ásgarðs - skóla í skýjunum er að jafna aðgengi barna á landsbyggðinni að gæða námi og kennslu.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● Auka stærðarhagkvæmni</li> <li>● Bæta aðgengi að sérfræðiþjónustu</li> <li>● Tengja nemendur saman á svipuðum aldri og rjúfa félagslega einangrun</li> <li>● Fjölga kennurum sem hafa fengið sérstaka þjálfun í að kenna með lykilhæfnina í huga og þvert á árganga.</li> <li>● Fjölga kennurum sem geta sinnt nemendum sem búa um allt land.</li> <li>● Þjóða upp á nám fyrir nemendur sem hafa ensku að móðurmáli og búa á landsbyggðinni t.d. tímabundið vegna vinnu foreldra.</li> </ul>
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p><b>Meginmarkmið</b> þróunarverkefnisins er að koma Ásgarði - skóla í skýjunum á laggirnar og sýna fram á að skólinn geti verið sú miðja sem miðlar námi og kennurum til og frá sveitarfélögum svo allir njóti góðs af. Nemendur njóti náms með sérhæfðum kennurum, einangrun sé rofin og fjármagn og sérfræðiþjónusta nýtist fleiri nemendum og skólum.</p>

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

	<p><b>Fyrsti hluti; Ár 1 til 3</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sýna fram á að Ásgarður skóli í skýjunum virki og að hægt sé að koma gæðanámi til nemenda í dreifðum byggðum landsins með sérþjálfuðu starfsfólki.</li> <li>• Sýna fram á að það sé raunhæfur kostur að tengja nemendur saman og rjúfa félagslega og námslega einangrun.</li> <li>• Áhersla á innra gæðamat og að sýna fram á að unnið sé eftir ítrustu mennunarfærðilegum kröfum.</li> <li>• Styðja við kennara í fámennum grunnskólum á landsbyggðinni.</li> <li>• Veita þjónustu til nokkurra barna sem ekki rekast í hefðbundnu skólakerfi.</li> </ul>
Framkvæmdaaðili	SSNE
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög á starfsvæði SSNE
Tengsl við sóknaráætlun	Tengsl við Sóknaráætlun SSNE má sjá sérstaklega í því markmiði að hækka menntunartig um 5% en um 33% karlmannna og 25% kvenna klára hafa einungis lokið grunnskóla og gætu verið margvíslegar forsendur fyrir því en ljóst er að nálægð við framhaldsskóla gæti haft þar áhrif. Einnig ef einstaklingar finna sig ekki innan hefðbundins skólakerfis þá gætu svona lausnir nýst þeim. Vilji íbúa í sóknaráætlun er að efla iðnmenntun og þetta er liður í því. Hægt væri að nýta betur kennara sem geta kennt grunn í slíkum greinum og kynnt fyrir nemendum þá menntun í gegnum svona skóla. Einnig er talað þar sérstaklega um misræmi á milli menntunar vinnuafis og eftirspurnar atvinnulífs. Svona lausn nýtist klárlega til þess er liður í því að bregðast við slíkum áskorunum.
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun - minni skólaakstur. Nr. 13.</li> <li>• Menntun fyrir alla - gæðamenntun óháð búsetu. Nr. 4</li> <li>• Fjölbreyttari atvinna óháð staðsetningu. Nr. 8.</li> </ul>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólinn hefur hafið starfsemi sína með formlegum hætti haustið 2021.</li> <li>• Ásgarður hefur tengt saman kennara og nemendur þvert á landshlutasamtök.</li> <li>• Ásgarður hefur náð til nemenda sem annars hefðu ekki geta sótt grunnskóla á sínu heimasvæði.</li> <li>• Kennarar hafa tileinkað sér nýja starfshætti á tímabilinu og aukið hæfni sína til að undirbúa nemendur sína fyrir líf og störf á 21. öldinni.</li> </ul>
Lokaferð (hver verður lokaferð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lokaferðin er skóli sem hefur hafið starfsemi sína og hlotið styrk til þess að hefja starfsemi og hægt sé að sýna fram á að starfsemin virki með dæmisögum foreldra, kennara og nemenda.</li> <li>• Ávinningur samfélagsins verður að auka fjölbreytileika er kemur að grunnskólamenntun á þeim stöðum þar sem fjölbreytni vantar eða grunnskólar eru ekki til staða.</li> </ul>
Upphaf og lok verkefnis	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Undirbúningur og tilraunakennsla hefst í apríl 2021 og þriggja ára þróunarfasa lýkur 2023.</li> </ul>
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Í þessari umsókn er sótt um styrk til fyrsta hluta verkefnisins fyrsta þriggja ára tímabilinu. Eins og sjá má á <a href="#">viðskiptaáætlun</a> verkefnisins er áætlað að verkefnið verði orðið sjálfbært á fjórða rekstrarári.

## Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	4.000.000 kr.
Mótframlag (ef við á)	Mótframlag má sjá í viðskiptaáætluninni.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Byggðaáætlun